

Alþingi

Erindi nr. Þ

120, 1223

komudagur

21

13

1996

Áskoran til Ríkisstjórnarinnar, Alþingismanna, og
Þjóðkirkjunnar!

Ég skora á ríkisstjórnina að beita sér gegn því lagafrumvarpi sem á að keyra í gegnum alþingi um svokallaðan rétt homma og lesbia að ala upp og ættleiða börn og einnig rétt til að kenna í grunnskólum landsins það að vera samkynhneygður sé eðlilegur hlutur. Ég minni ráðamenn þjóðarinnar á að við byggjum okkar þjóðfélag á Kristinni siðfræði og orði Guðs, sem er Biblían og hún kennir skýrum stöfum að samkynhneygð er kynvilla, óeðli og Guði andstyggileg. Þér getið sjálfir dæmt um það að það getur ekki talist eðlilegt að tveir karlmenn eða tvær konur lifi kynlífi saman né geti með þeim hætti átt börn saman, það geta aðeins karl og kona saman, enda trúi ég því ekki að almáttugum Guði hafi skáttlast þegar hann skapaði karl og konu og þeim ætlað að lifa saman, enda segir Guðs orð það skýrum stöfum að þau tvö (Adam og Eva) eigi að eignast börn og uppfylla jörðina (1.Mós.1:28). Mér finndist það hneyksli og skammarblettur á þjóðinni ef slík lög yrðu sett og að ég tali nú ekki um að kenna slíkt óhörnuðum börnum og að uppfærða þau á slíkri villu. Ég ítreka! Ég skora á ráðamenn þjóðarinnar og alþingismenn að greiða atkvæði gegn slíkum lögum og minni á þá ábyrgð þingmanna að halda í heiðri Kristnum lögum í landinu. Einnig skora ég á biskupa og presta þessa lands á! Það að vera Kristinn prestur er að halda sér við orð Guðs hver svo sem þeirra persónulega skoðun er. Guðs orð er æðra manna lögum og ef prestar geta ekki haldið sér við það þá svikja þeir heit sitt og náttúrulega Jesú sjálfan og munu þurfa að svara fyrir það frammi fyrir Guði sjálfum og fá sinn dóm samsvarandi því. Jesús sagði: Himinn og jörð munu líða undir lok en mín orð munu standa undir lok líða. Hann sagði einnig: Af orðum þínum muntu sakfelldur verða og af orðum þínum muntu sýknaður verða. (Tilv. lýkur). Því segi ég, ykkar er valið: Viltu verða sakfelldur á degi dómsins eða sýknaður? Ég skora því á biskupa og presta að mótmæla frumvarpi um rétt kynvillinga að ala upp og uppfærða börn um þessa villu. Guð elskar alla menn en hann lítur ekki með velpóknun á allt sem þeir gera. Ég fullyrði að Guð lítur þetta alvarlegum augum og Guð getur ekki blessað lögbrot. Viljum við blessun Guðs yfir landið? Guð hefur lofað lífi í fullri gnægð ef við viljum fylgja honum (Jóh. 10:10). Ef þetta lagafrumvarp nær fram að ganga þá köllum við bölvun yfir landið eins og yfir Sódómu og Gómorru, sem Guð dæmdi. Guð er náðugur og miskunsamur en hann dæmir synd og kallar okkur til ábyrgðar fyrir gerðum okkar af við iðrumst ekki og snúum okkur frá vondum vegum. Svart er svart, hvítt er hvítt, rangt er rangt og rétt er rétt, gerum hið rétta. Ég bið Guð sem öllu raður að blessa þessa þjóð og landið allt í Jesú nafni.

Böðvar Magnússon Bjarnastaðavör 4

Böðvar Magnússon